

Reykjavík, 24. mars 2020
Tilvísun í mál: R20030208

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs

Efni: Áætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs um greiningu þjónustupáttanna og framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar 2021

Lögð fram til staðfestingar er áætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs um greiningu þjónustupáttanna og framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar 2021 í samræmi við tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2021-2025 sem samþykkt hefur verið í Borgarráði.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri

Áætlun ÞON um greiningu þjónustubátta og framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2021

Inngangur

Nýtt kjarnasvið þjónustu- og nýsköpunar varð til við stjórnkerfisbreytingar sem tóku gildi þann 1. Júní 2019. Þar áður tilheyrðu verkefni sviðsins m.a. miðlægrri stjórnslu og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Í greinargerð með fjárhagsáætlun 2020 kemur fram að sviðið einsetji sér að stíga markvisst inn í innleiðingaráætlun kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar (KFS) á fjárhagsárinu 2020. Í áætlunargerðinni verði tekið mið af ólíkri stöðu borgaranna og leitast eftir því að tryggja að þjónusta og gæði mæti mismunandi þörfum þeirra til lífs og leiks. Greining þjónustubátta verði forsenda þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna borgarinnar með hagsmuni allra borgarbúa að leiðarljósi.

Yfirlit yfir stöðu innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar

Skipaður hefur verið með erindisbréfi fjögurra manna starfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á þjónustu- og nýsköpunarsviði, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Hópurinn skipa: Erlingur Fannar Jónsson frá Stafrænni Reykjavík, Gunnar Björnsson frá Borgarskjalasafni, Karen María Jónsdóttir frá skrifstofu þjónustu- og nýsköpunarsviðs og Kristín Sigrún Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri ÞON. Ábyrgðamaður hópsins er sviðsstjóri ÞON, Óskar J. Sandholt.

Fyrsta verkefni hópsins var að fá fræðslu fyrir stjórnendahóp þjónustu- og nýsköpunarsviðs um tilgang kynjaðrar starfs- og fjárhagsáætlunar, og markmið greininga, jafnréttisskimana og jafnréttismats. Því næst var sá hópur teymis- og verkefnastjóra skilgreindur innan sviðsins sem framkvæma þarf jafnréttisskimanir og honum beint á námskeið í jafnréttisskimun á vegum fjármála- og áhættustýringasviðs.

Í kjölfarið var hafist handa við að skilgreina markmið þjónustu- og nýsköpunarsviðs með kynjaðri fjárhagsáætlunargerð. Niðurstaðan var eftirfarandi skilgreining: Markmið KFS á ÞON er: *að núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða annri stöðu þeirra í samfélaginu.* Markmiðið er SMART, það er skýrt, mælanlegt, almennt samstaða er um markmiðið, það er raunhæft og hægt er að tímasetja það.

Að lokum hófst vinna við að greina hvaða kyngreindu gögn til væru um þá þjónustu sem sviðið veitir, hvaða gögnum væri æskilegt að safna og hvaða leiðir væru færar til þess. Niðurstaðan eftir fyrstu athugun er sú að lítið sem ekkert er til af kyngreinanlegum gögnum. Verið er að greina framtíðarhorfur í þessum efnum og er ætlunin að vera tilbúin með yfirlit á seinni hluta þessa árs. Lítið verði til þess að þegar farið verði í ný verkefni á sviði upplýsingatækni, skjalavistun eða þjónustu þá verði þess gætt að hægt sé að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt og því verði hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn í framtíðinni.

Samhliða áætlunargerðinni var byrjað að skoða með hvaða hætti innleiða bæri jafnréttisskimun og/eða jafnréttismat inn í verkferli fyrir nýsköpunarverkefni á fjárfestingaráætlun og þannig styðja betur við ákvarðanatöku, forgangsroðun og ráðstöfun fjármuna. Niðurstaðan var sú að PON framkvæmi jafnréttisskimun á öllum nýjum verkefnum sem fara í framkvæmd og heyra undir sviðið. Til viðbótar verður jafnréttisskimun felld inn í umsóknareyðublöð vegna verkefna tengdum nýjum upplýsingakerfum en þannig skili önnur svið inn skimunum samhliða umsókn um verkefni og framkvæmdarfjármagn.

Áætlun um greiningar, jafnréttisskimanir og eftirlit á árinu 2021

Eftirfarandi er áætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs er varðar greiningu á þjónustubáttum með tilliti til dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins, í samræmi við markmið KFS og tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2021-2015 sem gefin hefur verið út af borgarráði.

Vinnuhópar verða skipaðir eftir þörfum, til að sjá um greiningar á þjónustubáttum og mun starfshópur verkefnisins styðja við starf þeirra.

Þjónustubáttur	Hluti þjónustunnar sem verður greindur	Ár greiningar	Áætlaður rekstrarkostnaður greindrar þjónustu (m.v. fjárhagsáætlun 2020)
Stafræn Reykjavík	Deilihagkerfið: notkun deilihjóna og rafskúta og skólun verkefnisins í borgarlandinu	2020	Notkun á borgarlandi
Borgarskjalasafn	Heildstæð skil á gagnasöfnum einstaklinga	2021	600 þ.kr
Upplýsingatækniþjónusta	Úthlutun tölvu- og hugbúnaðar til starfsfólks	2021	457 m.kr
Þjónustuhönnun	Þjónusta í þjónustuveri: framlína, móttaka símtala, netspjall og ábendingar í gegnum vef.	2022	100 mkr
Upplýsingatækniþjónusta	Þjónustubeiðnir til tækniborðs: eðli erinda, umfang og afgreiðsla	2022	120 m.kr
Stafræn Reykjavík	Nýr vefur Reykjavík.is	2023	45 m.kr
Gagnaþjónusta	Hlaðan: málaflakkar, eðli erinda, málshraði og svo framvegis.	2023	Verkefni í innleiðingu
Borgarskjalasafn	Nýr vefur Borgarskjalasafns	2024	900 þ.kr

Jafnréttisskimun hefur þegar verið hafin á nýjum verkefnum á fjárfestingaráætlun. Yfirlit yfir jafnréttisskimanir verður lagt fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð í lok hvers ársfjórðungs til upplýsinga.

Þegar fyrstu greiningar á þjónustubáttum á sviði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar liggja fyrir verður hægt að leggja fram tillögur um aðgerðir og tryggja að þeim sé fylgt eftir.